



Til:
Efni:
Upplýsingar:

sigurdur.thrainsson@uar.is
Re: Fw: dúfnaveiði
Sent: 23.04.2014 16:05:14 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2014030010, Bréfalyklar: 42-5 um veiði friðaðra fuglategunda

Tilvísun í mál: 2014030010

Undanþága frá lögum nr. 64/1994

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 10. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um beiðni Vestmannaeyjarbæjar um undanþágu frá lögum nr. 64/1994 til að veiða (farga) dúfur til að halda þeim í skefjum. Ekki kemur fram í erindi bæjarins hvort fylgst hafi verið með stærð dúfnastofnsins í „bænum“ yfir lengri tíma og ekki kemur heldur fram hvaða tjóni fuglarnir valda um fram það sem segir í erindi bæjarins þ.e. að bænum séu farnar að berast kvartanir vegna óþrifnaðar og ágangs dúfna í kringum heimili í eyjum. Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur allt of lengi að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki forsendur til að meta tjón af völdum dúfna í Vestmannaeyjum eða stærð dúfnastofnsins þar. Nær öruggt má telja að þær dúfur sem eru í Vestmannaeyjum séu afkomendur alidúfna og að ekki sé um að ræða náttúrulegan stofn villtra dúfna. Eðlilegt er að bærinn reyni að meta það tjón sem dúfur er taldar valda og jafnframt að fylgst sé með stærð dúfnastofnsins í Vestmannaeyjum. Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að veitt sé leyfi til að takmarka stærð dúfnastofnsins í bænum en telur að beina eigi aðgerðum að þeim svæðum/stöðum þar sem sannanlega er um tjón að ræða í samræmi við lög nr. 64/1994.

Virðingarfyllst

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Hlemmi 3 Pósthólf 5320
125 Reykjavík
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



----- Forwarded by Trausti Baldursson/NI.IS on 10.03.2014 15:38 -----

From: sigurdur.thrainsson@uar.is
To: trausti@ni.is,
Date: 10.03.2014 14:14
Subject: Fw: dúfnaveiði

Tilvísun í mál: UMH14010232

./.
Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi frá Vestmannaeyjabæ þar sem óskað er eftir undanþágu frá lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum til þess að fækka dúfum í björgum og klettum í Vestmannaeyjum vegna óþrifnaðar og ágangs dúfna í kringum heimili í bænum.

Ráðuneytið óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindið. Umsögnin óskast send ráðuneytinu eins fljótt og auðið er. Telji stofnunin skorta upplýsingar um erindið er bent á að leita til umsækjanda eftir þeim upplýsingum.

F.h.r.

Sigurður Á Þránínsson

Sigurður Á. Þránínsson, deildarstjóri / Head of Division
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, skrifstofa landgæða
Ministry for the Environment and Natural Resources, Department of Land and Natural Heritage
Skuggasund 1, 150 Reykjavík, Iceland
Sími 545-8600, fax 562-4566 / Tel: +354-545-8600, fax +354-562-4566
www.umhverfisraduneyti.is / www.environment.is

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en þið prentið
Please consider the environment before printing

Frá: Friðrik P. Arnfinnsson <fiddipalli@vestmannaeyjar.is>
Dags: 28.01.2014 16:05:37
Til: "postur@uar.is" <postur@uar.is>
Efni: dúfnaveiði

Góðan daginn

Dúfur hafa um margra áratuga skeið lifað villtar í björgum og klettum í Vestmannaeyjum, í mismiklum mæli þó. Einnig hafa einstaklingar í gegnum árin haldið dúfur í byrgjum en lítið sem ekkert er orðið um það í dag.

Staðan hjá okkur í dag er hinsvegar sú að dúfum hefur fjölgað gríðarlega og eru stórir hópar af þeim út um alla eyju og eru okkur farnar að berast kvartanir vegna óþrifnaðar og ágangs dúfna í kringum heimili hér í eyjum.

Ég var búinn að hafa samband við Steinar Rafn hjá Umhverfisstofnun sem benti mér á að sækja um undanþágu til veiða á dúfum til ráðuneytisins.

Undirritaður fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar óskar því hér með eftir undanþágu til þess að fá

að veiða(farga) dúfum í Vestmannaeyjum, sbr. 3.mgr 7.gr laga 64/1994.

Ath-að ekki er verið að tala um að útrýma þeim alveg heldur aðeins fækka í stofninum og halda honum í skefjum.

Með kveðju



Friðrik Páll Arnfinnsson

Verkefnastjóri (Meindýraeyðir)

Umhverfis- og Framkvæmdasviðs

Vestmannaeyjabæjar

Sími: 488 2535 og 895-8378

Myndsími: 488-2525.

Tölvupóstfang: fiddipalli@vestmannaeyjar.is www.vestmannaeyjar.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við yður að fara eftir 2. mgr. 44. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 (< <http://www.althingi.is/alttext/stjt/1999.107.html>>) og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist yður.

This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient,

you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

Viðhengi:



- image001.png